

Siglingastofnun  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2002030049  
6702; 9310

Reykjavík, 17. apríl 2002  
/ÞFP

### **Efni: Sjóvarnir við verksmiðjuhús Geflu á Kópasker, Öxarfjarðarhreppi. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjóvörn við verksmiðjuhús Geflu, Kópaskeri, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Öxarfjarðarhrepps og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Öxarfjarðarhreppi með bréfi dags. 12. apríl 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör við umsögnum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 17. apríl 2002.

### **FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Fyrirhuguð framkvæmd er bygging sjóvarnar við verksmiðjuhús Geflu á Kópaskeri. Lítil sem engin sjóvörn er á umræddu svæði og hefur þari og grjót gengið á land og lamist utan í húsið. Ætlunin er að byggja um 70 m langa grjótvörn og er áætluð efnisþörf um 700 m<sup>3</sup>. Tveir möguleikar koma til greina varðandi grjótnám. Í landi Brekku er opin grjótnáma sem notuð hefur verið við hafnarframkvæmdir, síðast við byggingu þvergarðsins innan á aðalhafnargarðinn árið 1996. Hinn möguleikinn er í landi Presthóla en þar er hægt að nýta grjót sem hefur fallið til úr grunni fjárhúsa og möguleiki að vinna meira efni ef þörf er á.

### **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps og Náttúruvernd ríkisins telja framkvæmdina ekki þess eðlis að hún kunnir að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða byggingu um 70 m langrar grjótvagnar við verksmiðjuhús Geflu á Kópaskeri, Öxarfjarðarhreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd tekur til takmarkaðs svæðis og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarnar við verksmiðjuhús Geflu á Kópaskeri, Öxarfjarðarhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Öxarfjarðarhepps samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Kópaskers 1990-2010.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Öxarfjarðarhreppur og Náttúruvernd ríkisins.